

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (örnám og prófgráður).

(Eftir 2. umræðu, 20. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- Í stað 2. másl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Kveða skal á um viðurkenndar prófgráður og lokapróf sem háskólar skulu miða við í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, útgefnum af ráðherra skv. 5. gr. Viðurkenndar prófgráður og lokapróf skulu byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um hæfni við námslok.
- Í stað tilvísunarinnar „skv. 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: sem skilgreind eru í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.
- Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Háskólar geta skilgreint örnám eða annað styttra nám til námseininga á námsstigum sem skilgreind eru í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nemendur sem hafið hafa nám til diplómaprófs eða viðbótarprófs á meistarastigi, sem jafngildir færri en 60 stöðluðum námseiningum, fyrir 1. ágúst 2025 skulu eiga þess kost að ljúka náminu samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi var við upphaf náms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.